

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.**

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 9 600, en endurnýjunarverð í hverjum flokki er kr. 800.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1979.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 381 25. október 1977.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. nóvember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

10. nóvember 1978.

Nr. 397.

REGLUGERÐ**um takmarkanir á þorskveiðum í nóvember og desember 1978.**

1. gr.

Á tímabilinu 20. desember til 31. desember 1978, að báðum dögum meðtöldum, er öllum skipum öðrum en skuttogurum með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri, óheimilt að stunda þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Skuttogarar með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri, mega ekki stunda þorskveiðar í 21 dag samtals á tímabilinu 15. nóvember til 31. desember 1978. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessara veiðitakmarkana, þó þannig, að hver skuttogari verður að láta af þorskveiðum ekki skemur en 7 daga í senn.

3. gr.

Útgerðaraðilar skulu tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu eigi síðar en 5. desember, hvernig þeir haga veiðitakmörkunum á þorskveiðum samkvæmt ákvæðum 2. greinar. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi togarar skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

4. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1.—3. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hversrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli hversrar veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

5. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili því, sem þorskveiðar eru bannaðar samkvæmt 1.—3. gr., og hlutfall þorsks í aflanum reynist herra en 15%, skal svo

litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 4. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru óheimilar samkvæmt 1.—3. gr. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins skv. 1.—3. gr. hafi afla að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

6. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. nóvember 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Eskifirði.

1. gr.

Hundahald er bannað á Eskifirði að undanteknum þarfahundum á lögbýlum.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu heilbrigðisfulltrúa og fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum eru undanþegnir þessu gjaldi.
- Skýlt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- eða skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvara er um hönd höfð.